

Jafnrétti kynjanna mælist mest á Íslandi

BAKSVIÐ

Laufey Rún Ketilsdóttir
laufey@mbl.is



Ísland skarar fram úr öðrum löndum heims þegar kemur að jafnrétti kynjanna, samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðafnahagsráðsins eða World Economic Forum. Þetta er áttunda árið í röð sem Ísland er í fyrsta sæti á heims-mælikvarða. Finnland situr í öðru sæti og Noregur í því þriðja. Á eftir Svíþjóð kemur Rúanda í fimmta sæti en forseti landsins hefur gert kynja-jafnrétti að helsta áherslumáli stjórnvalda eftir að hann tók við völdum í kjölfar þjóðarmorða þar í landi.

13% óbrúað kynjabil

Einnig er greint frá því að Ís-lendingum hafi tekist að loka kynja-bili að því er nemur 87% en til sam-anburðar hafa Finnar lokað bilinu um 85%. Á Íslandi er því 13% kynja-bil eftir óbrúað en í vesturhluta Evrópu er bilið að meðaltali 25%.

Mælingar Alþjóðafnahags-ráðsins hófust árið 2006 en mark-miðið var að hafa einn mælikvarða á kynjajafnrétti fyrir öll lönd heims-ins, þannig væri hægt að fylgjast með þróun málaflokksins. Í skýrsl-unni segir einnig að þó engin ein að-ferð geti náð fyllilega utan um að-stæðurnar kynjanna í löndunum hafi formúlan sem þeir notast við miðað að því að greina bilið milli karla og kvenna á fjórum lykilsviðum, þ.e. heilbrigði, menntun, efnahagur og stjórnmál. Formúlan varpi svo ljósi á þau lönd sem eru fyrirmyndir þegar kemur að kynjajafnrétti.

Það þurfi að gera betur

„Þetta er ánægjuefni þó vissu-lega megi setja spurningarmerki við þessar mælingar,“ segir Kristín Ást-geirsdóttir, framkvæmdastýra Jafn-réttisstofu, í samtali við Morgun-blaðið, spurð hvort þetta gengi Íslands á heims-mælikvarða væri eitthvað til að gleðjast yfir.

„Við eigum að vera stolt af þessu en jafnframt þurfum við að halda vöku okkar og það má auðvit-að spyrja — erum við svona góð eða hinir svona vondir.“

Þá nefnir hún að Ísland skori til að mynda hátt hvað varðar heil-



Morgunblaðið/Golli

Jafnrétti Kynjabilið á Íslandi mælist nú um 13% en það hefur minnkað um 12% á síðustu tíu árum sem er betri árangur en hjá öðrum löndum heims.

brigði, menntun og pólitísk völd en þar njóti landið góðs af Vigdísí Finn-bogadóttur sem fyrrverandi forseta Íslands, Jóhönnu Sigurðardóttur sem fyrrverandi forsætisráðherra Íslands og Kvennalistanum sáluga en mælingarnar nái 50 ár aftur í tíman. „Það er svolítið sérstakur mæli-kvarði.“

Segir hún landið standa sig vel en þó þurfi að gera betur. „Það er enn vinnumarkaðurinn þar sem átaks er þörf, það er launamunurinn, hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja. Það er það sem dregur okkur niður fyrst og fremst,“ bætir hún við.

Best í stjórnmálaþátttöku

Ísland stóð sig landa best þegar kom að stjórnmálaþátttöku kvenna ásamt því að komast í efstu tíu sætin hvað varðaði efnahagslega þátttöku og tækifæri. Ástæða þess var talin vera fjölgun kvenna á löggjafarþingi landsins og á meðal háttsettra embættismanna. Þá segir einnig í skýrsl-unni að á Íslandi sé launabil milli kynjanna sem þurfi að loka. Ísland hafi mælist í ellefta sæti hvað varðar samanhæð á launum fyrir sambærileg störf.

Síðan mælingar hófust árið 2006 hefur Íslandi þó tekist að loka heildarbilinu sem skilur að karla og konur um 12%. Sá skjóti og góði árangur sé meiri en nokkurt annað land í heiminum geti státað af.

SEGJA LANGT Í JÖFNUÐ

250 milljónir síðustu 10 ár

Það gæti tekið 170 ár að eyða launamun kynjanna, en verulega hæðgi á þróun í átt að jöfnuði árið 2008, segir í frétt AFP um nýttkomna skýrslu Alþjóðafnahagsráðsins (WEF). Launamunur kynjanna mælist nú 59% á heimsvísu.

Ef þróunin reynist jafn hæg og undanfarin ellefu ár má vænta þess að spá ráðsins rætist að sögn eins höfundu skýrslunnar, Saadia Zahidi.

Ráðið tók einnig fram að fyrr tækist að jafna laun kynjanna í vesturhluta Evrópu, eða innan 47 ára, en það tæki rúm 1.000 ár í Suður-Asíu ef ekkert yrði að gert.

Þá sýna mælingar Alþjóðafnahagsráðsins það einnig að konur vinni að meðaltali 39 dögum meira á ári en karlar á heimsvísu. Tæplega 250 milljónir kvenna hafa komið á vinnumarkaðinn síðustu tíu árin.